



FJÁRMÁLAEFTIRLITID  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 4/2018

Drög að reglum um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri.

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en þriðjudaginn 4. september nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

1. ágúst 2018

**REGLUR**  
**um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um lánastofnanir sem tilkynna um starfsemi yfir landamæri, sbr. 36. og 37. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

*Form og efni tilkynninga um starfsemi yfir landamæri.*

Lánastofnun sem skylt er að tilkynna starfrækslu útibús eða veitingu þjónustu á grundvelli 36. eða 37. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal, eftir því sem við á, fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) nr. 926/2014 og 1126/2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

*Birting tæknilegra staðla.*

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 926/2014 frá 27. ágúst 2014 sem sett er á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi stöðluð eyðublöð og verklag vegna tilkynninga í tengslum við staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu yfir landamæri.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2014 frá 4. júní 2014 til viðbótar við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi þær upplýsingar sem ber að tilkynna við nýtingu staðfesturéttar og frelssis til að veita þjónustu yfir landamæri.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 926/2014 og 1151/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*):

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1525361563411&uri=CELEX:32014R0926>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 254, þann 28. ágúst 2014, bls. 2-21 og
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1525361662714&uri=CELEX:32014R1151>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 309, þann 30. október 2014, bls. 1-4.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild skv. c-lið 2. mgr. 117. gr. b og f-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, xx. september 2018.*